

þeirra. Hannes Jónsson hefur hins vegar haldið því fram, að hann væri ekki framtalsskyldur hér í Neskaupstað, heldur í Kirkjublvammshreppi.

Rétturinn lítur svo á, með tilvísun til réttarskjals nr. 3 og úrskurðar sama réttar á því réttarskjali í útsvarsmáli þeirra félaga út af rekstri sömu skipa á sildveiðum sumarið 1940, að fullsannað sé, að hér sé um félagsrekstur að ræða. Hins vegar brestur lagaheimild til þess að leyfa skipti milli þeirra félaganna á tekjunum, þar eð ekki liggur fyrir framtal fyrir félagið í heild ásamt fullnægjandi greinargerð um það, hvernig skipta skuli hagnaði af rekstri félagsins, sbr. 3. gr. laga um tekju- og eignarskatt nr. 6 frá 9. jan. 1935, sbr. 6. gr., fjórða lið, reglugerðar um tekju- og eignarskatt frá 28. des. 1936. Tekur því rétturinn kröfu gerðarbeiðanda um lögtak á álögðu þinggjaldi, kr. 20222.00, auk málskostnaðar samkvæmt reikningi, kr. 168.20, til greina.

Þvi úrskurðast:

Umkrafin lögtaksgerð hjá gerðarþola, Sildarútgerð þeirra Hannesar Jónssonar, Þórðar Einarssonar og Jóhanns Magnússonar, skal fram ganga fyrir álögðu þinggjaldi, kr. 20222.00, auk málskostnaðar, kr. 168.20.

Miðvikudaginn 17. júní 1942.

Nr. 29/1942. **Björn Kristjánsson og Sigurrós Guðmundsdóttir** (Egill Sigurgeirsson cand. jur.)

gegn

**Sigurbergi Dagfinnssyni og Valgerði Pálsdóttur** (Sigurður Ólason).

Foreldrar krefjast afhendingar barns af fósturforeldrum þess. Foreldravald.

**Dómur hæstaréttar.**

Áfrýjendur, sem skotið hafa máli þessu til hæstaréttar með stefnu 23. marz þ. á., krefjast þess, að staðfest verði ákvæði héraðsdómsins um foreldravald áfrýjenda yfir barni þeirra, Guðriði Ástu, að stefndu verði dæmd til að afhenda áfrýjendum nefnt barn og að stefndu verði dæmd til að

greiða áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndu krefjast staðfestingar héraðsdómsins og málskostnaðar úr hendi áfrýjenda fyrir hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt framkomnum yfirlýsingum sóknarprests, lækna og kunnáttumanna má ætla, að það mundi hafa skaðsamleg áhrif á þroska og sálarlega líðan barnsins Guðríðar Ástu, sem vill, eftir því sem upp hefur komið í málinu, vera áfram á heimili stefndu, ef hún yrði flutt á heimili áfrýjenda. Með hliðsjón af þessu og að öðru leyti með tilvísun til þess, sem segir í héraðsdómi um samning aðilja frá 13. júlí 1940, þykir mega staðfesta ákvæði héraðsdómsins um synjun afhendingar barnsins til áfrýjenda.

Af sýknu stefndu af afhendingarkröfunni leiðir það, að stefndu fara með foreldravald yfir stúlkunni að miklu leyti, meðan hún dvelst með þeim, og getur það því eigi verið einvörðungu í höndum áfrýjenda, meðan svo stendur. En með því að hvorugur aðilja hefur áfrýjað ákvæði héraðsdómsins um foreldravaldið til breytinga verður við það að sitja. Ber því að staðfesta dóminn að niðurstöðu til.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir hæstarétti falli niður.

**Dómur aukaréttar Snæfellsness- og Hnappadalssýslu 27. des. 1941.**

Ár 1941, laugardaginn 27. desember, var í aukabíngi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, sem haldið var á skrifstofu embættisins í Stykkishólmi af settum sýslumanni Kristjáni Steingrímssyni, uppkveðinn dómur í málinu nr. 2/1941, en mál þetta var dómtekið 26. ágúst sama ár. Mál þetta er að undangenginni árangurslausri sáttatílraun höfðað fyrir aukabínginu með stefnu útgefni 1. júní 1941 af hjónunum Birni Kristjánsyni og Sigurrós Guðmundsdóttur til heimilis að Kolbeinsstöðum í Kolbeinsstaðahreppi gegn hjónunum Sigurbergi Dagfinnssyni og Valgerði Pálsdóttur til heimilis að Haukatungu í sama hreppi. Kröfur stefnenda eru, að

dómurinn viðurkenni foreldravald þeirra og forræði yfir skilgetinni dóttur þeirra, Guðriði Ástu, sem er í fóstri hjá stefndu, og að stefndu verði með dómi skylduð til að afhenda barnið og fá þeim (stefnendum) það í hendur og loks til greiðslu málskostnaðar in solidum, er samkvæmt framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarksgjaldskrá Málflutningsmannafélags Íslands, nemur kr. 291.80.

Stefndu hafa hins vegar krafizt þess, að kröfunni um foreldravaldið verði hrundið og að þeim verði tildæmt það vald. Hvað afhendingarkröfuna snertir, þá krefjast þau aðallega frávisunar, en til vara sýknu. Þá krefjast þau sýknu af málskostnaðarkröfunni og þess aðallega, að stefnendur verði dæmd in solidum til að greiða þeim málskostnað eftir mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn falla niður.

Barn það, sem mál þetta er risið út af, heitir fullu nafni Guðriður Ásta Björnsdóttir og er fætt að Kolbeinsstöðum hinn 29. apríl 1930 og er þriðja barn foreldra sinna, sem eru stefnendur máls þessa. Skyldleiki málsaðilja er þessi: Faðir Guðriðar Ástu, stefnandinn Björn Kristjánsson bóndi á Kolbeinsstöðum, er hálfbróðir stefndu Valgerðar Pálsdóttur, húsfreyju í Haukatungu. Móðir þeirra, Jóhanna Guðriður Björnsdóttir, bjó með seinni manni sínum, Páli Sigurðssyni, í rúma þrjá tugi ára að Haukatungu, eða þar til hann andaðist hinn 13. desember 1935. Sjálf mun hún hafa brugðið þar búi árið 1936, en hafði þar heimilisfang til dauðadags, 31. marz 1937.

Er örskammt í milli bæjanna Kolbeinsstaða og Haukatungu, og ná túnin næstum saman.

Þegar Guðriður Ásta var aðeins nokkurra mánaða gömul, var henni komið á heimili föður-ömmu sinnar í Haukatungu. Var það síðan ráðið, að hún skyldi vera í fóstri hjá ömmu sinni og manni hennar, Páli, svo lengi sem þeirra nyti við.

Amma hennar andaðist í Reykjavík, og var þá barnið statt þar með henni. Var barnið síðan flutt heim að Haukatungu, og á heimili stefndu, sem þá höfðu tekið þar við búsförum fyrir nokkru. Hefur hún dvalizt hjá þeim síðan. Segja foreldrar hennar, að það hafi verið ætlun þeirra og vilji að taka barnið til sín eftir andlát ömmu þess, en þá hafi heimilisástandur stefndu verið þannig, þar sem þau lágu bæði rúmföst og Valgerður hættulega veik, að þau hafi ekki álitnið það hættulaust að taka barnið þá af heimili þeirra. En eftir að stefnda Valgerður var komin til heilsu, ca. ½ ári síðar, eða um haustið 1937, þá hóf stefnandinn Björn fyrst máls á því, að þau hjónin vildu fá dóttur sína heini til sín.

Um það, hvernig málaleitun þessi hafi verið borin fram af hálfu stefnanda og um undirtektir stefndu við hana, eru aðiljar

ösammála. Lá mál þetta síðan óhreyft æði langan tíma, eða í ár. að því er stefndu telja. Að þeim tíma liðnum hreyfði Björn þessu aftur, og í apríl 1939 segir Björn stefndu, að hann óski eftir að Guðríður Ásta komi í eina viku í farskóla að Kolbeinsstöðum, þótt eigi væri hún skólaskyld. Var ákveðinn dagurinn, þegar Björnu ætlaði að sækja hana, en það fórst þá fyrir vegna veikinda hans.

Í október sama ár reynir Björn enn að fá stúlkubarnið til sín. Talar hann þá við hana sjálfa, en hún er því andvíg.

Þá um haustið er gerður samningur milli málsaðiljanna að sóknarpresti viðstöddum um að hún skyldi koma svo og svo oft vikulega á næstu 5 mánuðum á heimili foreldra sinna (stefnanda), til þess að venjast heimili þeirra.

Viðurkenna stefnendur, að samningur þessi hafi verið haldinn af stefndu, en á þau reyndi fyrst og fremst um framkvæmd hans, þar sem fylgja þurfti barninu, a. m. k. í sumum tilfellum, til þess að það fengist til að fara á heimili foreldra sinna. Varð tilraun þessi árangurslaus að því leyti, að afstaða barnsins sjálfs til vistaskiptanna var óbreytt, þegar samningstíminn var útrunninn um miðjan apríl 1940.

Nokkru síðar reyndu sóknarprestur og móðurbróðir Guðríðar Ástu til að leysa málið á þann hátt að fá hana til að lofa að fara að Kolbeinsstöðum og gista þar eina eða fleiri nætur í einu á heimili foreldra sinna. Fékk Valgerður barnið til að lofa þessu, að þessum mönnum og fleirum viðstöddum. Nokkrum dögum síðar fylgdi Valgerður henni þangað og svæfði hana þar. En ekki fékkst barnið til þess oftar, eftir því sem skýrsla sóknarprestsins í málinu greinir.

Hinn 26. maí 1940 skrifa stefndu í máli þessu barnaverndarráði ýtarlega um málið og biðja það „að taka þetta mál að sér.“

Í júní sama ár skrifa stefnendur máls þessa barnaverndarráði einnig bréf með ýtarlegri greinargerð um málið.

Geta þau þess þar, að formaður skólanefndar Kolbeinsstaðahrepps hafi borið þeim skilaboð frá barnaverndarráði um að gefa því skýrslu um málið og enn fremur, að þau mættu ekki hreyfa við barninu nú fyrst um sinn. Þá segja þau einnig: „Var okkur mjög ljúft að vera (svo) við þessum tilmælum.“ Í bréfinu beina þau þeim tilmælum til barnaverndarráðs „að fella ekki úrskurð í málinu, fyrr en móðirin kemur til viðtals við barnaverndarráð.“ Hinn 11. júní s. á. skrifar skólanefnd Kolbeinsstaðahrepps barnaverndarráði um málið eftir beiðni þess. Segir þar, að nefndin hafi ekkert haft að gera með þetta mál áður, þar sem aðiljar hafi aldrei borið það undir nefndina og nefndin ekki „séð neina ástæðu til að skipta sér neitt af, á hvorum hænum barnið væri.“ Enda telur hún bæði heimilin góð. Þá segir enn fremur í bréfinu: „Það er mjög eðlilegt, að telpunni séu uú óljúf

vistaskipti, eða að fara frá Haukatungu, þó til foreldra sé, þar sem hún hefur dvalið ... frá því að hún var á fyrsta ári.“

Þá æskir skólanefndin þess, að einhver sérfróður barnaverndar-ráðsmaður komi til viðtals við alla aðilja og reyni sættir.

Tók barnaverndarráðið til þessa ráðs, og kom prófessor Ásmundur Guðmundsson á svo hljóðandi sáttargerð i millum aðiljanna, er þeir undirrituðu i hans viðurvist að Haukatungu og Kolbeinsstöðum hinn 13. júlí 1940: „Við undirrituð lýsum því yfir hér með, að við viljum láta þá ósátt og misklið niður falla, sem verið hefur með heimilum okkar undanfarið, og leitast við af alhug og fremsta megni að taka upp góða og vinsamlega sambúð. Um dvalarstað Guðriðar Ástu samþykkjum við það, að hún dvelji, það sem eftir er sumarsins, til skiptis sína vikuna á hvoru heimilinu, Haukatungu og Kolbeinsstöðum, en þó því aðeins, að hún vilji sjálf fallast á það fúslegao til friðar og samkomulags milli nánustu vandamanna sinna og vina.

Að þessum tíma liðnum skal það fastmælum bundið af hendi okkar foreldranna, að framtíðarheimili barnsins verði ekki þannig valið, að tilfinningum þess sé á nokkurn hátt misboðið eða það hafi skaða af að dómi sóknarprests eða óvilhallra manna.“

Hinn 25. nóvember 1940 kæra stefnendur mál þetta til sáttanefndar. Í sáttakærunni segir, að engar efndir hafi orðið á samkomulaginu um að telpan dveldist til skiptis á heimilunum. Hins vegar eru stefndu eigi borin neinum sökum um það, enda mun það hafa strandað á vilja barnsins. Hinn 3. febrúar 1941 kveður barnaverndarráð upp svo hljóðandi úrskurð i málinu:

„Guðriður Ásta Björnsdóttir skal dvelja áfram á heimili fósturforeldra sinna i Haukatungu til 16 ára aldurs, nema hún kjósi sjálf að flytjast til foreldra sinna.“

Rétturinn verður að lita svo á, að ekkert hafi komið fram i málinu, er styðji mótmæli stefndu gegn þeirri kröfu stefnenda, að viðurkennt verði með dómi foreldravald þeirra yfir barninu Guðriði Ástu, þar sem eigi verður litið svo á, að þau hafi afsalað sér þeim rétti eða fyrirgert honum á annan hátt. Ber því að taka þá kröfu stefnanda til greina.

Kemur þá, þegar af þeirri ástæðu, eigi til álita krafa stefndu um, að þeim verði tildæmdur sá réttur i þessu máli.

Stefnendur hafa undir rekstri málsins haldið því fram, að af viðurkenningu á foreldravaldi þeirra yfir barninu hljóti að leiða, að krafa þeirra um afhendingu barnsins verði tekin til greina, því að rétturinn til að ráða dvalarstað þess sé aðalinntak foreldravaldsins. Hér getur þó hvorttveggja komið til greina, að löggjafinn hafi reist þeim sérstakar skorður um framkvæmd þessa réttar og eins hitt, að þau hafi þegar bundið hann sjálf ákveðnum takmörkunum með löggerningi.

Stefndu hafa hins vegar aðallega krafizt frávisunar á afhendingarkröfu og rökstutt það með því, að atriðið hafi borið undir valdsvið barnaverndarráðs, og þar sem að ráðið hafi úrskurðað um atriðið, þá verði það eigi borið undir dóminn.

Dómurinn getur eigi fallizt á þá skoðun stefndu, að eigi sé heimilt að bera atriðið undir hina almennu dómstóla, þó að barnaverndarráð hafi gert ályktun um málið. En af því leiðir hins vegar eigi, að fallizt sé á þá skoðun stefnanda, að barnaverndarráð hafi farið út fyrir embættistakmörk sin með afskiptum sínum af málinu.

Samkvæmt þessu verður frávisunarkrafa stefndu eigi tekin til greina. Við varakröfu stefndu, sýknukröfuna, kemur fyrst til álita, hvaða rétt þau geti byggt á sáttagerðinni frá 13. júlí 1940.

Gerningurinn virðist grundvallaður á því, að tekið sé tillit til vilja barnsins, Guðriðar Ástu, sem var orðin 10 ára gömul, um dvalarstað þess í framtíðinni. Tekur það jafnt til beggja málsgreina hans. Umboðsmaður stefndu hefur viðurkennt lögmæti fyrri málsgreinar löggerningsins, en talað um seinni lið hans sem algera markleysu. Verður þó eigi fallizt á, að foreldrar barnsins, stefnendur þessa máls, hafi verið það ábyrgðarlaus við sáttagerð þessa, er þau þó ómótmælt hafa undirritað, að þau hafi getað litið á það atriði gerðarinnar, sem að framtíðarúrlausn málsins laut, sem algera markleysu. Það sem til úrlausnar liggur samkvæmt samningi þessum, er, hvort tilfinningum barnsins verði á nokkurn hátt misboðið eða að það geti beðið skaða af að verða flutt brott af heimili því, sem það nú dvelur á. Það virðist fullvíst, samkvæmt því, sem fram er komið í málinu, að barnið vill ekki af heimili fósturforeldra fara. Kemur það meðal annars fram í greinargerð foreldra þess (stefnanda) um málið og álitserðum annarra, er um mál þetta hafa fjallað.

Um hitt atriðið, þ. e. a. s. hvort barnið geti haft skaða af að vera flutt gegn vilja sínum af dvalarheimili þess, eru fyrir hendi, í fyrsta lagi vottorð héraðslæknis frá 6. marz 1941, þar sem segir, að „Guðriður Ásta Björnsdóttir . . . er ekki svo heilsuhraust, að ráðlegt sé að taka hana nauðuga frá heimili sínu.“ Í öðru lagi felst það í ýtarlegri álitserð sóknarprestsins um málið, en hann er því gagnkunnugur, að eigi sé ráðlegt að beita barnið valdboði um brottflutning af heimilinu. Þá hefur barnaverndarráð að rannsókuðu máli komizt að þeirri niðurstöðu, „að óráðlegt sé að taka barnið nauðugt frá fósturforeldrum sínum og vænlegast sé heilsu þess, að það sé kyrrt á heimili fósturforeldra sinna.“

Með skírskotun til framanritaðs lítur rétturinn svo á, að samningur sá, er gerður var hinn 13. júlí 1940 um dvalarstað barnsins, sé bindandi fyrir málsaðiljana, og eftir því sem upplýst er í

málinu, verða að álykta, að brottflutningur þess af fósturheimilinu nú brjóti í bága við þann samning.

Af þessu leiðir, að *á meðan að þær ástæður eru óbreyttar*, sem í gögnum málsins greinir, þá þykir eigi fært að taka kröfu stefnenda um að þeim verði afhent barnið til greina, og ber því að sýkna stefndu af þeirri kröfu að svo stöddu.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Til dráttar þess, er orðið hefur á uppkvaðningu dómsins, liggja þessar orsakir:

Málið var þingfest og dómtekið fyrir ákveðin tilmæli málflytjenda á þeim tíma, þegar dómariinn sá fyrir, að eigi var hægt vegna embættisferðalaga að kveða upp dóm í málinu innan lögskilins frests. Studdu þeir mál sitt með því, að þeir gætu eigi í annan tíma á árinu ferðast hingað til flutnings málsins vegna starfsanna í Reykjavík, þá hafa og ófyrirséðar embættisferðir borið að, svo að dómaranum hefur eigi gefizt næði til nauðsynlegra skrifstofustarfa heima fyrir, fyrr en undir síðastliðin mánaðarmót, en þá var honum gerð endurskoðun á embættinu, er batt störf hans um hálfsmánaðar tíma. Þá hafa verið kveðnir upp 6 dómur í aukadómþinginu á tímabilinu.

**Því dæmist rétt vera:**

Foreldravald stefnanda, Björns Kristjánssonar og Sigurósar Guðmundsdóttur, yfir barni þeirra, Guðriði Ástu, viðurkennist.

Stefndu, Sigurbergur Dagfinnsson og Valgerður Pálsdóttir, eiga að vera sýkn í þessu máli af kröfu stefnanda um afhendingu á greindu barni. Málskostnaður falli niður

Föstudaginn 19. júní 1942.

Nr. 79/1941. **Réttvísinn og valdstjórnin** (Eggert Claessen)  
gegn

**Bolla Eggertssyni** (Sveinbjörn Jónsson).

Manndráp af gáleysi og brot á bifreiðalögum.

**Dómur hæstaréttar.**

Héraðsdóminn hefur upp kveðið Guðmundur Eggerz settur bæjarfógeti á Akureyri.